








Fimm vinir í blíðu og stríðu – Hvítá flykkið

Nafn

Bekkur




Lesskilningur




Þrjár setningar passa við hverja mynd!

- 1 Þeir klæða sig.
- 2 Bensi er búinn að moka tröppurnar.
- 3 Bræðurnir tala saman.
- 4 Hún stingur hárlokk undir húfuna.
- 5 Hún horfir út um gluggann.
- 6 Þær vinka hvor annari.
- 7 Hann vaknaði fyrir allar aldir.
- 8 Pabbi kallar til þeirra að flýta sér.
- 9 Hún er ekki lengur ung.
- 10 Hann býr á efri hæðinni.
- 11 Í slyddu og roki er erfitt að bera út blöð.
- 12 Foreldrar hennar eru sofandi.





Lesskilningur




Þrjár setningar passa við hverja mynd!



- 1 Glaðvaknaðir og í hrókasamræðum.
- 2 Hér búa þrjár fjölskyldur.
- 3 Er með vindinn og slydduna í fangið.
- 4 Eru alls ekki á sama máli um leikinn.
- 5 Brunahaninn er á bak við hana.
- 6 Skimar eftir félögum sínum en sér þá ekki.
- 7 Sjá hvor aðra oft á morgnana.
- 8 Grýlukertin hanga niður báðum megin.
- 9 Pabbi er orðinn óþolinmóður og rekur á eftir þeim.
- 10 Nú eru fá blöð eftir í blaðakerrunni.
- 11 Vaknar yfirleitt fyrir allar aldir.
- 12 Vinnan er mikið puð í þessari veðráttu.





Með öðrum orðum

Hjálp!
Bók
bls. 30-31


- | | |
|--------------------------|---|
| 1 Handarbak. | <input type="radio"/> Ljósin eru kveikt. |
| 2 Vaknar mjög snemma. | <input type="radio"/> Það mótar fyrir honum. |
| 3 Hann sést ógreinilega. | <input type="radio"/> Vaknar fyrir allar aldir. |
| 4 Allt er uppljómað. | <input type="radio"/> Ofan á hendinni. |

Rangt og rétt

Dragðu strik yfir TVÆR rangar setningar.

Þegar Gulla hættir að vinna ætlar hún

- 1 alltaf að vakna snemma á morgnana.
- 2 að sofa fram eftir á morgnana.
- 3 að vakna fyrir allar aldir.



Með öðrum orðum

Hjálp!
Bók
bls. 30-31

- 1 Þeir bera út blöð á hverjum degi.
- 2 Það er snjókoma og mikil bleyta í snjónum.
- 3 Á efri hæðinni er allt *uppljómað*.
- 4 Að *puða*.
- 5 Hann kannar hvernig veðrið er.
- 6 Hann *hangsaði* við matinn.


- Hann tók sér langan tíma í að borða.
- Hann *gáir til* veðurs.
- Að erfiða.
- Það er *slydda*.
- Uppi er búið að kveikja öll ljósin.
- Blaðberar.

Rangt og rétt

Dragðu strik yfir TVÆR rangar setningar.


Þegar Gulla hættir að vinna ætlar hún

- 1 alltaf að vakna snemma á morgnana.
- 2 að sofa fram eftir á morgnana.
- 3 að vakna fyrir allar aldir.
- 4 ekki að vakna fyrir allar aldir.



Málfræði -nafnorð - kyn - samnöfn/sérnöfn

Nafnorð (no): Þú getur séð, snert og talið MÖRG þeirra:



	Nafnorð (no.) Samnöfn - Sérnöfn maður - Egill		Nafnorð (no.) Samnöfn - Sérnöfn kona - Hekla
--	---	--	--

Nafnorð eru í karlkyni, kvenkyni eða hvorugkyni.

Skrifaðu hjálparorð og kyn við nafnorðin í rammanum.



Hjálparorð	Kyn	Skamtöfun.
hann-þeir	= karlkyn	= kk.
hún-þær	= kvenkyn	= kvk.
það-þau	= hvorugkyn	= hk.

Nafnorð	Hjálparorð	Kyn	Nafnorð	Hjálparorð	Kyn
Sími	hann	kk.	vítin		
Gluggar			dómari		
Tröppur			hornspyrna		
Óttar			Anna		
Slydda			lúgur		
póstkassar			veður		



Stafsetning – tvöfaldur samhljóði: tt, dd, kk, gg, pp, bb, ff, ll, mm, nn, rr, ss.

Finndu FJÖGUR orð sem vantar inn í textann.

UNDIRBÚNINGUR - LEIÐBEININGAR



1. Fyrsta orðið -teldu stafina í því. Leggðu á minnið hvernig það lítur út.
2. Lokaðu augunum. Stafaðu orðið í huganum. Teldu stafina um leið á fingrunum.
3. Kíktu á orðið. Stafaðir þú rétt?

JÁ: Nú finnur þú næsta orð og gerir eins.

NEI: Þú skoðar orðið aftur, stafar í huganum og kíkir.

4. Þú gerir þetta við öll orðin áður en þú skrifar þau í textann.

5.



TEXTI

Gulla _____ (7) höndunum af blaðakerrunni.

Hún þerrar _____ (8) ennið

með handarbakinu og stingur gráum _____ (7)


inn undir húfuna.

Bölvuð _____ (7) og rokið segir hún við sjálfa sig.


6. Berðu saman orðin sem þú skrifaðir og orðin í bókinni.

Ég skrifaði _____ rétt af FJÓRUM orðum.


Ég leiðrétti _____ af FJÓRUM orðum.




Lesskilningur




--	--	--



--	--	--




--	--	--




--	--	--

Þrjár setningar eiga við hverja mynd


- 1 Brátt verður hringt inn.
- 2 Snjóboltarnir fljúga á milli.
- 3 Bráðum verður hann einn eftir heima.
- 4 Vinir þeirra búa á 1. hæð.
- 5 „Þið eigið að borða nestið ykkar í skólanum.“
- 6 Matarlystin er ekki mikil.
- 7 Það rétt grillir í nef og augu.
- 8 Allir krakkar í hverfinu koma hingað á morgnana.
- 9 Þessa viku eru þeir hjá pabba sínum.
- 10 „Mér finnst að skólinn ætti að byrja klukkan tíu á mánudögum.“
- 11 Bráðum hringja vinir þeirra dyrabjöllunni.
- 12 Talar við börnin en kíkir líka í blaðið.





Lesskilningur




Þrjár setningar passa við hverja mynd!



- 1 Þeir ætla að vera samferða tvíburunum.
- 2 Snjókast.
- 3 „Munið eftir því að borða nestið.“
- 4 Þau eru syfjuð og þreytt.
- 5 Bráðum verður hringt inn.
- 6 Þeir eru dúðaðir, því það er kalt úti.
- 7 Hann leggur þeim lífsreglurnar.
- 8 Krakkarnir í hverfinu koma öll hingað á morgnana.
- 9 Hann styður hönd undir kinn.
- 10 Þau eru ekki sérlega svöng.
- 11 Þeir hringja dyrabjöllunni.
- 12 Blaðið liggur á borðinu.





Með öðrum orðum

Hjálp!
Bók
bls. 31-32


- 1 Ekki hangsa við matinn.
 Mikið klæddur.
- 2 Dúðaður.
 Það var ekki búið að borða brauðið.
- 3 Brauðið kom ósnert heim.
 Vertu fljótur að loka.
- 4 Ég segi ykkur hvað þið eigið að gera.
 Ekki vera allt of lengi að borða.
- 5 Lokaðu í snatri.
 Ég legg ykkur lífsreglurnar.

Rangt og rétt

Dragðu strik yfir EINA ranga setningu.

Ara og Önnu finnst mánudagar erfiðir af því að

- 1 þeim finnst erfitt að vakna á mánudögum.
- 2 þau mega ekki vera heima í tölvuleikjum.
- 3 þau fara allt of seint að sofa á sunnudagskvöldum.



Með öðrum orðum

Hjálp!
Bók
bls. 31-32


- 1 Börnin sinntu náminu með *hangandi hendi*.
 Það á að borða nestið sitt í skólanum.
- 2 Halla kallar til Önnu og Ara:
Búið um rúmin ykkar. Gangið frá í töskunni. Komið svo að borða.
 Krakkarnir voru áhugalausir við námið.
- 3 Ekki *hangsa* svona við matinn.
 Hann *dúðar sig* vel.
- 4 Hann fer í hlýja úlpu, setur trefil um hálsinn á sér og dregur húfuna niður að augum.
 Hún *leggur* börnunum *lífsglurnar*.
- 5 Nestið á ekki að koma ósnert heim.
 Verið ekki svona lengi að borða.

Rangt og rétt

Dragðu strik yfir TVÆR rangar setningar.

Ara og Önnu finnst mánudagar erfiðir af því að

- 1 þá er alltaf hafragrautur sem þeim finnst vondur.
- 2 þau eru syfjuð og þreytt.
- 3 þau fara allt of seint að sofa á sunnudagskvöldum.
- 4 þau vilja vera heima í tölvuleikjum.



1 Strikaðu undir 14 nafnorð í textanum, sérnöfn og samnöfn.

Skammstafaðu kyn nafnorðanna fyrir ofan þau.

TEXTABROT

kk.
„Ég vildi óska að skólinn byrjaði
klukkan 10 á mánudögum segir
Anna.“
Egill sendir þeim fingurkoss og grúfir
svo aftur yfir blaðið. Um leið og
krakkarnir koma inn í Hellisgötu
berast hróp og köll frá skólalóðinni.
Það eru örugglega allir í snjókasti,
segir Óttar.

Skamm-töfun.	Kyn	Hjálpar-orð
kk. =	karlkyn	hann - þeir
kvk. =	kvenkyn	hún - þær
Hk. =	hvorugkyn	það - þau


Sum nafnorð getur þú EKKI snert.

Getur þú snert þessi? sunnudagur, ást, frost, jól, hávaði.

Svarið er: NEI

2 FJÖGUR nafnorð í textabrotunum er EKKI hægt að snerta.

Settu hring utan um þau öll. Skrifaðu að minnsta kosti tvö á línum:



Stafsetning – tvöfaldur samhljóði: tt, dd, kk, gg, pp, bb, ff, ll, mm, nn, rr, ss.

Finndu FJÖGUR orð sem vantar inn í textann.

UNDIRBÚNINGUR - LEIÐBEININGAR

1. Fyrsta orðið - teldu stafina í því. Leggðu á minnið hvernig það lítur út.

2. Lokaðu augunum. Stafaðu orðið í huganum. Teldu stafina um leið á fingrunum.

3. Kíktu á orðið. Stafaðir þú rétt?

JÁ: Nú finnur þú næsta orð og gerir eins.

NEI: Þú skoðar orðið aftur, stafar í huganum og kíkir.

4. Þú gerir þetta við öll orðin áður en þú skrifar þau í textann.

5.



Í orðinu eru
10 stafir.

TEXTI

Munið eftir húfum og _____ (10).

Takið líka með ykkur _____ (9).

Í svona _____ (8) verða


gólfín í skólanum á floti. Svo á nestið ekki að koma ósnert heim,

heldur _____ (5) áfram.

6. Berðu saman orðin sem þú skrifaðir og orðin í bókinni.

Ég skrifaði _____ rétt af FJÓRUM orðum.


Ég leiðrétti _____ af FJÓRUM orðum.



--	--	--




--	--	--



--	--	--

Þrjár setningar passa við hverja mynd!

- 1 Hún verður að bíta í það súra epli að komast ekki á tónleikana.
- 2 Þetta er nú meira puðið.
- 3 „Við skulum velta þessum til skiptis.“
- 4 Boltinn byrgir þeim sýn.
- 5 Hún ætlaði út með vinkonu sinni.
- 6 Hún byrjar með boltann.
- 7 Þeir hjálpast að.
- 8 Henni finnst gaman.
- 9 Hún er í sparifötunum.



Lesskilningur

Settu x í reitinn hjá rétta svarinu.




Hún er glöð af því að

- hún á von á vinum sínum.
- hún er búin að bíða lengi eftir snjókomu.
- það er gott að búa til snjóbolta úr þessum snjó.
- hún hlakkar til að fara í skólann.




Boltinn byrgir þeim sýn merkir að

- boltinn er orðinn stór.
- þeir horfa beint í boltann og sjá ekki það sem er fyrir framan hann.
- þeir eru alveg að gefast upp.
- þeir sjá ekki boltann fyrir birtunni frá ljósastaurnum.



Að verða að bíta í það súra epli merkir að

- miðinn á tónleika hefur týnst.
- að þurfa að sætta sig við orðinn hlut.
- neyðast til að borða eitthvað súrt.
- fara í fýlu.



Með öðrum orðum

Hjálp!
Bók
bls. 32-33


- | | |
|-----------------------------|--|
| 1 Hún er hissa og ósammála. | <input type="radio"/> Hún skríður. |
| 2 Elam er á fjórum fótum. | <input type="radio"/> Anna er dauðhrædd. |
| 3 Hann stækkar mjög hratt. | <input type="radio"/> Hún er hneyksluð. |
| 4 Fyrr en varir. | <input type="radio"/> Fljótt. |
| 5 Hún er skelfingu lostin. | <input type="radio"/> Boltinn stækkar óðfluga. |

Rangt og rétt


Dragðu strik yfir EINA setningu sem er röng.

„Að verða að bíta í það súra epli“...

- 1 er orðatiltæki.
- 2 er auglýsing.
- 3 er að þurfa að gera eitthvað sem mann langar ekki til.



Með öðrum orðum




- | | |
|---|---|
| 1 <i>Pannig týnist tíminn.</i> | <input type="radio"/> Er <i>hneyksluð</i> . |
| 2 <i>Það tefur þau ekki baun í bala.</i> | <input type="radio"/> Skríða. |
| 3 <i>Getur varla ýtt boltanum.</i> | <input type="radio"/> Það gleymist hvað tímanum líður.
Menn gleyma sumu sem hefur gerst. |
| 4 <i>Eru á fjórum fótum.</i> | <input type="radio"/> Á <i>fullt í fangi</i> með að mjaka
boltanum úr stað. |
| 5 <i>Er hissa á vinkonu sinni og alls
ekki sammála henni.</i> | <input type="radio"/> Þau tefjast ekki neitt. |

Rangt og rétt

Dragðu strik yfir tvær rangar setningar.

„Að verða að bíta í það súra epli“

- 1 er orðatiltæki.
- 2 er auglýsing.
- 3 merkir að þurfa að gera eitthvað sem mann langar ekki til.
- 4 merkir að manni þykja græn, súr epli góð.



Nafnorð: Þú getur talið þau. Þau eru til í eintölu (et.) og fleirtölu (ft.).

Hjálparorð
↖ ↓ ↘

Eintala (et.) einn -ein -eitt


Hjálparorð
↖ ↓ ↘

Fleirtala (ft.) margir -margar - mörg

Skrifaðu hjálparorðin.		Skrifaðu hjálparorð og nafnorð í ft.	
einn	snjóbolti	margir	
	handarbak		
	hárlokkur		
	baun		
Skrifaðu nafnorðin í et. og hjálparorðin.		Skrifaðu hjálparorðin.	
ein	vinkona	margar	vinkonur
			kvöld
			hrukkur
			raddir

Sum orð eru alveg EINS í eintölu og fleirtölu
Í hvaða tölu eru orðin í dálkunum? Skammstafaðu.

kennrar	ft.	fingur	
mánudagar		munnur	
fingurkoss		dyrabjalla	
högg	et./ft.	bræður	
herbergisgluggi		lífsreglur	
epli		stígvél	
sokkar		fartölva	
skólalóð		gólf	



Stafsetning - orð sem eru skrifuð öðru vísi en þau eru sögð

VERKEFNI: Finndu FJÖGUR orð sem vantar inn í textabrotin.

UNDIRBÚNINGUR - LEIÐBEININGAR

1. Fyrsta orð - berðu það fram eins og það er venjulega sagt.
2. Berðu það fram eins og það er skrifað.
2. Leggðu á minnið hvernig orðið lítur út.
2. Lokaðu augunum. Stafaðu orðið í huganum. Teldu stafina um leið á fingrunum.
3. Kíktu á orðið. Stafaðir þú rétt?

JÁ: Þú finnur næsta orð og gerir eins.

NEI: Þú skoðar orðið aftur, stafar í huganum og kíkir.

4. Þú gerir þetta við öll orðin áður en þú skrifar þau í textann.

5.



Í orðinu eru
4 stafir.

TEXTABROT

Þetta er _____ (4) snjór til að búa til snjóbolta, segir Elam.

Við skulum velta þessum til _____ (7).

Við _____ (5) ekki verða of sein í skólann.


Blautur og þungur snjórinn _____ (7) fljótt utan á
snjóboltann.

6. Berðu saman orðin sem þú skrifaðir og orðin í bókinni.

Ég skrifaði _____ rétt af FJÓRUM orðum.

Ég leiðrétti _____ af FJÓRUM orðum.

Hjálp!
Málsgrein byrjar á
stórum staf og lýkur
með punkti.



Lesskilningur

Ari er fljótfær. Stundum hugsar hann sig ekki um áður en hann framkvæmir. Í textanum hér við hliðina er málsgrein sem sýnir það.

Strikaðu undir hana.

Anna er kurteis og veit hvernig á að hegða sér gagnvart fullorðnu fólki.

Í textanum hér við hliðina eru málsgreinar sem sýna það.

Strikaðu undir þær.

Það er enginn á ferli í anddyri skólans þegar krakkarnir koma inn.

Pau sparka af sér stígvlunum og taka stigann upp á 2. hæð í nokkrum skrefum.

Svo skutla þau útifötunum á snagana sína framan við skólastofuna.

Ari hendir sér á hurðarhúninn og ætlar að rífa upp hurðina.

Anna stjakar við honum svo hann hrasar.

- Hvað er eiginlega að þér Anna?

- Ekki ryðjast inn í stofuna, dóninn þinn, segir Anna.

Við verðum að vera kurteis, þá verður Inga ekki eins reið.

Anna ýtir þeim öllum frá.

Hún ber að dyrum, þrjú laus högg.

Svo opnar hún varlega og segir lágum rómi:

- Afsakið hvað við komum seint.


Hin muldra það sama fyrir aftan hana.

Sextán andlit líta upp úr bókunum.

Í augum þeirra er eftirvænting.

Eitthvað spennandi er í aðsigi.

Hjálp!
Málsgrein byrjar á
stórum staf og
líkur með punkti.



Lesskilningur

Ari er fljótfær. Stundum hugsar hann sig ekki um
áður en hann framkvæmir.


Á blaðsíðu 16 er málsgrein sem sýnir það.

Finndu hana og skrifaðu á línumnar:

Anna er kurteis og veit hvernig á að hegða sér gagnvart fullorðnu fólk.

Finndu málsgreinar á blaðsíðu 17 sem sýna það. Skrifaðu þær á línumnar.

Með öðrum orðum



Hjálp!
Bók
bls. 33-34

- 1 Stjakar við.
- 2 Það er farið að frysta.
- 3 Muldrar.
- 4 Líta á einhvern í laumi.
- 5 Vart.

- Það er komið frost.
- Varla.
- Skotra augunum á einhvern.
- Ýtir við.
- Segir lágt og ógreinilega.


Rangt og rétt

Dragðu strik yfir EINA setningu sem er röng.

„Við bitum í það súra epli“ segir Elam góð með sig.

- 1 „Að vera góður með sig“ merkir að vera ánægður með sig.
- 2 Elam er svolítið montin. Hún er nýbúin að læra þetta orðatiltæki.
- 3 „Að vera góður með sig“ er að vera saddur.

Með öðrum orðum



Hjálplíðar
Bók
bls. 33-34


- | | | |
|---|---|---|
| 1 | Krakkarnir segja það sama og Anna í lágum rómi. | <input type="radio"/> Eitthvað er að fara að gerast. |
| 2 | Það er eitthvað í aðsigi. | <input type="radio"/> Að eiga erfitt með að koma út úr sér orðunum. |
| 3 | Ari er næstum dottinn því Anna ýtti við honum. | <input type="radio"/> Þau eru grunuð um að eiga sökina. |
| 4 | Að tafsa. | <input type="radio"/> Þau muldra sömu orðin og Anna. |
| 5 | Böndin berast að þeim. | <input type="radio"/> Anna stjakaði við Ara svo hann var nærrí dottinn. |

Rangt og rétt

Dragðu strik yfir tvær rangar setningar.

„Við bitum í það súra epli“ segir Elam góð með sig.

- 1 Elam er góð með sig. Það merkir að hún sé södd.
- 2 Elam veit hvað orðatiltækið „Að bíta í það súra epli“ merkir.
- 3 „Að vera góður með sig“ merkir að vera ánægður með sig.
- 4 „Að vera góð með sig“ merkir hér að Elam vill vera góð við alla.



Málfræði – nafnorð - samnöfn/ sérnöfn

Nafnorð skiptast í samnöfn. Dæmi: maður, bók, hús
 og sérnöfn. Dæmi: **Siggi**, **Óvættaför**, **Kringlan**
Lára, **Sproti**, **Hof**

Hjálp!
 Sérnöfn BYRJA á STÓRUM staf.

Hjálp! Í BYRJUN
 málsgreina er STÓR stafur.

Strikaðu undir sérnöfnin.

Leiðréttu og settu stóra stafi.

TEXTI

Önnu finnst gaman að lesa. Hún er núna að lesa „Vofurnar“. Elam er nýbúin að fá hvolp sem hún skírði Sófus. Ari, Óli og Óttar spila með Breiðabliki. Imelda er frá Filippseyjum en Kadar er frá Jemen.

TEXTI

afi bensi á núna heima á tröllagötu 1. áður bjó hann í krummavík sem er lítið sjávarþorp. foreldrar elam eiga íbúð í blokk við hellisgötu. verslunin bónus er rétt hjá blokkinni. Óli spilar á saxafón.


4. Búðu til sérnöfn fyrir hvert samnafn.

Sérnöfn
 Hjálparorð:
Heitir

Samnafn

Sérfnafn

Gatan	
Verslunin	
Matsölustaðurinn	
Hundurinn	
Kettlingurinn	



Stafsetning -ng orð. Skrifuð öðru vísi en þau eru sögð

VERKEFNI: Finndu FJÖGUR orð sem vantar inn í textabrotin .

UNDIRBÚNINGUR - LEIÐBEININGAR

1. Fyrsta orð - berðu það fram eins og það er venjulega sagt.
2. Berðu það fram eins og það er skrifað.
2. Leggðu á minnið hvernig orðið lítur út.
2. Lokaðu augunum. Stafaðu orðið í huganum. Teldu stafina um leið á fingrunum.
3. Kíktu á orðið. Stafaðir þú rétt?

JÁ: Þú finnur þú næsta orð og gerir eins.

NEI: Þú skoðar orðið aftur, stafar í huganum og kíkir.

4. Þú gerir þetta við öll orðin áður en þú skrifar þau í textann.

5.



Í orðinu eru
6 stafir.

TEXTABROT

Það er _____ (6) á ferli í anddyri skólans.

Í augum þeirra er _____ (11).

Jæja, segir Inga með _____ (5) í rómnum.

Kona sem býr á Hellisgötu 7 _____ (7)



í skólastjórann og kvartaði.

6. Berðu saman orðin sem þú skrifaðir og orðin í bókinni.

Ég skrifaði _____ rétt af FJÓRUM orðum.

Ég leiðrétti _____ af FJÓRUM orðum.


Lesskilningur




--	--	--



--	--	--



--	--	--






--	--	--

þrjár setningar passa við hverja mynd!

- 1 Hímir upp við húsið.
- 2 Er orðin of sein í vinnuna.
- 3 „Fæturnir á mér eru eins og ísklumpar.“
- 4 Óánægðar.
- 5 Er brúnaþung og reið.
- 6 „ÉG kem boltanum fyrir kattarnef.“
- 7 Horfir þögul á vini sína.
- 8 Hún nær slöngunni af honum stuttu síðar.
- 9 Hann er klókur og fékk góða hugmynd.
- 10 Önnur er ljós yfirlitum en hin dökk.
- 11 Gat ekki bakkað bílnum frá húsinu.
- 12 Lætur lítið bera á sér.


Lesskilningur



Þrjár setningar passa við hverja mynd!

- 1 Er með krosslagðar hendur og himir upp við húsið.
- 2 Stendur lengi kyrr í snjónum með slönguna og verður jökulkalt á fótunum.
- 3 Vill ekki verða rennandi blaut.
- 4 Óánægjan skín úr andlitnum.
- 5 Er öskureið og bíður eftir sökudólgunum.
- 6 Miðar og hittir svo beint á hvíta flykkið.
- 7 Segir ekki orð og lætur lítið bera á sér.
- 8 Er orðin of sein í vinnuna.
- 9 Átti hugmyndina um hvernig best væri að eyða snjóboltanum.
- 10 Önnur er ljós yfirlitum en hin dökk.
- 11 Gat ekki bakkað bílnum sínum út á götuna.
- 12 Vill líka fá að sprauta á snjóboltann og nær loksins slöngunni af Ara.

Með öðrum orðum



Hjálp!
Bók
bls. 34-36

- | | |
|---------------------------------|---|
| 1 Snjall ertu. | <input type="radio"/> Hreyfist ekki úr stað. |
| 2 Hekla er orðin <i>byrst</i> . | <input type="radio"/> Klókur ertu. |
| 3 <i>Bifast</i> ekki. | <input type="radio"/> Höldum áfram. |
| 4 Áfram með smjörið. | <input type="radio"/> Hljóð sem heyrast í svöngum maga. |
| 5 Garnagaul. | <input type="radio"/> Málrómurinn hennar er reiðilegur. |


Rangt og rétt

Dragðu strik yfir EINA setningu sem er röng.

Krakkarnir voru ósátt við Ara af því að

- 1 hann var eicingjarn.
- 2 hann átti hugmyndina með slönguna.
- 3 þau vildu líka fá að koma snjóboltanum fyrir kattarnef.

Með öðrum orðum



Hjálp!
Bók
bls. 34-36


- | | | | |
|---|---------------------------------------|-----------------------|---|
| 1 | Það verð ég sem eyðilegg snjóboltann. | <input type="radio"/> | Þetta finnst mér <i>heillaráð</i> . |
| 2 | Hann <i>gefur sig ekki</i> . | <input type="radio"/> | Höldum áfram. |
| 3 | Þetta er aldeilis gott ráð. | <input type="radio"/> | Það <i>léttist</i> á henni <i>brúnin</i> . |
| 4 | Áfram með <i>smjörið</i> . | <input type="radio"/> | Ég <i>kem</i> boltanum <i>fyrir kattarnef</i> . |
| 5 | Er orðin glaðlegri á svipinn. | <input type="radio"/> | Hann <i>lætur ekki undan</i> . |

Rangt og rétt

Dragðu strik yfir tvær rangar setningar.

Krakkarnir voru ósátt við Ara af því að

- 1 hann var eicingjarn.
- 2 hann átti hugmyndina með slönguna.
- 3 þau vildu líka fá að koma snjóboltanum fyrir kattarnef.
- 4 hann sprautaði vatni á þau.



Málfræði – málsgrein



Málsgrein: Stór stafur í fyrsta orði. Punktur í lokin.

Hér er orðaruna.

næsta blað fer í
kjallarann æstar raddir
berast út um opinn glugga

Hér er búið að breyta orðarunununni
í tvær málsgreinar.


/Y
næsta blað fer í
kjallarann, Æ^Estar raddir
berast út um opinn glugga.

1. Búðu til TVÆR málsgreinar úr hverri orðarunu með því að setja stóra stafi, punkta eða spurningarmerki.

- 1 en flykkið bifast ekki það er frosið fast
- 2 hvað ætlar þú að gera við slöngu, drengur hekla er orðin verulega byrst
- 3 klókur ertu þetta er heillaráð

- 2 Skrifaðu TVÆR málsgreinar um hvað þú heitir og hvar þú átt heima.

- 3 Skrifaðu TVÆR málsgreinar um daginn í gær.



Stafsetning – tvöfaldur samhljóði: tt, dd, kk, gg, pp, bb, ff, ll, mm, nn, rr, ss.

Finndu FJÖGUR löng orð sem vantar inn í textabrotin

UNDIRBÚNINGUR - LEIÐBEININGAR

1. Fyrsta orðið -teldu stafina í því. Leggðu á minnið hvernig það lítur út.
2. Lokaðu augunum. Stafaðu orðið í huganum. Teldu stafina um leið á fingrunum.
3. Kíktu á orðið. Stafaðir þú rétt?

JÁ: Nú finnur þú næsta orð og gerir eins.

NEI: Þú skoðar orðið aftur, stafar í huganum og kíkir.

4. Þú gerir þetta við öll orðin áður en þú skrifar þau í textann.

5.



TEXTABROT

Hekla stendur brúnaþung og með

Í orðinu eru
11 stafir.

(11) hendur.

En _____ (7) bifast ekki.

Klókur ertu. Þetta er _____ (9).

Pess vegna kem ég snjóboltanum fyrir

(9).

6. Berðu saman orðin sem þú skrifaðir og orðin í bókinni.

Ég skrifaði _____ rétt af FJÓRUM orðum.

Ég leiðrétti _____ af FJÓRUM orðum.